

## Greiðsluaðlögun fyrir einstaklinga í miklum greiðsluerfiðleikum

Lög um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði hafa nú tekið gildi, til viðbótar lögum um greiðsluaðlögun óveðtryggðra skulda sem tóku gildi 1. apríl síðastliðinn. Úrræðin eru ætluð einstaklingum í alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Þeir geta þurft á öðru eða báðum úrræðunum að halda. Ítarlega kynningu á úrræðum fyrir skuldsett heimili er að finna á vefnum [www.island.is](http://www.island.is).

### Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna

Lög um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði tóku gildi 15. maí sl. Með lögnum getur eigandi íbúðarhúsnæðis leitað eftir greiðsluaðlögun vegna skulda sem tryggðar eru með veði í húsnæði hans, ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um einhvern tíma ófær um að standa í fullum skilum á greiðslum. Áður en einstaklingur óskar eftir tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna verður hann að hafa leitað annarra tiltækra greiðsluerfiðleikaúrræða sem í boði eru hjá lánastofnunum og sýna fram á að þau úrræði hafi reynst ófullnægjandi. Sé svo getur hann óskað eftir greiðsluaðlöguninni með því að senda skriflega beiðni til héraðsdómstóls í því umdæmi þar sem hann á lögheimili. Taki héraðsdómari beiðnina til greina skal hann skipa umsjónarmann með greiðsluaðlöguninni. Viðkomandi greiðir þá aðeins þær greiðslur af lánum sem talið er að hann geti staðið strauum af, þó að lágmarki sem samsvarar húsaleigu á almennum markaði. Frestað er greiðslu þess hluta skuldbindinga sem eftir eru svo lengi sem greiðsluaðlögun stendur, sem getur verið í allt að fimm ár. Sjá ítarefni um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna [hér](#).

### Greiðsluaðlögun óveðtryggðra skulda

Með lögum nr. 24/2009 um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, sem tóku gildi 1. apríl sl., var einstaklingum gert kleift að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar við kröfuhafa sína með aðstoð umsjónarmanns. Þau lög taka til annarra krafna en veðskulda. Greiðsluaðlögun er ætluð einstaklingum sem eiga í miklum greiðsluerfiðleikum, ekki félögum og öðrum lögaðilum. Einstaklingur skal gera beiðni um greiðsluaðlögun sem studd er greiðsluáætlun og gögnum til staðfestingar upplýsingum í henni, vottorði um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjórum skattframtölum skuldara. Sjá ítarefni um greiðsluaðlögun óveðtryggðra skulda [hér](#).

### Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna

Samíð hefur verið við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna að annast upplýsingagjöf um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Hún annast einnig endurgjaldslausa aðstoð við gerð beiðna um greiðsluaðlögun óveðtryggðra skulda fyrir þá sem þess óska. Á vef stofunnar, [www.rad.is](http://www.rad.is), eru greinargóðar upplýsingar um bæði úrræðin.

## Alls þreyta 205 íslenskupróf fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt

Alls munu 205 útlendingar þreyta íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt sem haldin verða á fyrsta sinn 8.-12. júní nk. eftir breytingu þar að lútandi á lögum um íslenskan ríkisborgararétt sem tóku gildi 1. janúar sl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið samdi við Námsmatsstofnun um að annast undirbúning og framkvæmd prófanna. Íslenskupróf skal að jafnaði halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári og

ráðgert er að halda þau næst í nóvember eða desember nk. Auglýst verður í fjölmiðlum og á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins, [www.domsmlaraduneyti.is](http://www.domsmlaraduneyti.is), með að minnsta kosti átta vikna fyrirvara hvar og hvenær próf verða haldin.

Nánari upplýsingar um prófin og fyrirkomulag þeirra er að finna á vef Námsmatsstofnunar, [www.namsmat.is](http://www.namsmat.is).

## Sýslumannsembættið í Vík er Stofnun ársins 2009 í könnun SFR

Sýslumaðurinn í Vík fékk hæstu einkunn í könnuninni á Stofnun ársins 2009 sem gerð var fyrir nokkru á vegum SFR – stéttarfélags í almannajónustu. Sýslumannsembættin á Sauðárkróki og í Hafnarfirði voru einnig meðal fimm efstu í flokki minni stofnana. Könnunin var gerð meðal félagsmanna SFR og voru þátttakendur spurðir um trúverðugleika stjórnenda, vinnuskilyrði, ímynd, sjálfstæði, sveigjanleika, ánægju með launakjör og fleira.

Sýslumaðurinn í Vík fékk 4,75 í heildareinkunn af 5 mögulegum. Starfsmenn eru fimm talsins og eru þeir allir félagsmenn SFR. Anna Birna Þráinsdóttir sýslumaður segir niðurstöðuna hafa verið ánægjulega. „Ég reyni að gera allt sem mér er mögulegt til að starfsfólk embættisins sé ánægt í starfi,“ segir hún aðspurð um galdurinn að baki svona góðum niðurstöðum. „Sumu fáum við auðvitað ekki breytt, en það er að mörgu að hyggja, s.s. góðri vinnuáætlun og góðum starfsanda. Hér leggjum við mikla áherslu á hjálpssemi, tillitssemi og samvirksemi með það að markmiði að veita viðskiptavinum okkur afbragðsþjónustu. Það skilar sér svo margfalt til baka þegar við fáum hrós!“

Anna Birna leggur ennfremur áherslu á að markvisst hafi verið unnið að því að efla embættið með því að leita nýrra verkefna og hafi það tekist vel, nú síðast hafi það tekið að sér að færa bókhald sendiráða. „Starfsfólkið fær þarna tækifæri til að takast á við ný verkefni og auka við þekkingu sína. Þetta hefur skapað góða stemningu bæði innan embættisins sjálfs og úti í samfélaginu hér.“



Frá verðlaunaafhendingunni: f.v. Guðrún Hildur Kolbeins, Hafðís Þorvaldsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Kristín Ragnarsdóttir, Ragnheiður Högnadóttir, Árni Stefán Jónsson, formaður stjórnar SFR, og Anna Birna Þráinsdóttir.

